

Borgarstjórn
19. febrúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stýringu á notkun snjallsíma í skólum

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að vinna að útfærslu á því hvernig hægt er að stýra notkun snjallsíma á skólatíma. Markmiðið væri að ýta undir ábyrga notkun og koma í veg fyrir truflandi áhrif þegar á kennslu stendur. Reykjavíkurborg væri með því að taka ábyrga afstöðu til notkunar snjallsíma barna og ungmenna og áhrifa snjalltækja á félagsfærni og þátttöku barna í skólastarfi. Lagt er til að skóla- og frístundasvið skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. júlí 2019 þannig að breyttar reglur geti tekið gildi á haustönn 2019.